

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar árið 2022

1. gr.

Hunda- og kattaegaendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. staflíð b í 2. grein og staflíð b í 6. grein samþykktar um hunda- og kattahald nr. 107/2008.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð b í 2. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 13.820 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. staflíð b í 6. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 7.920 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Hjálparhundar og hundar sem eru notaðir til björgunarstarfa eru undanþegnir leyfisgjaldi.

Þessir hundar eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði samþykktar sveitarfélagsins um leyfi til hundahalds.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 21.090. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 7.920 kr fyrir 1. skipti, kr. 10.290 kr. fyrir 2. skipti og kr. 13.410 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið verð eins og fyrir skráða hunda 7.920 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 15.200.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigenda sínum eftir handsömun fyrr en að lokinni skáningu.

Innheimt verður leyfisgjald til þeirri eigenda óskráðra hunda og katta sem fengið hafa bréf frá gæludýraeftirlitinu vegna óskráðra dýr og hafa ekki svarað því eða skráð dýrin innan uppgefins tíma.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 59. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr 1571/2020

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 9. desember 2021.

Borgarnesi 15. desember 2021

Þórdís Sif Sigurðardóttir
sveitarstjóri